

Starfsreglur fyrir mannvirkjanefnd KSÍ

1.gr. Mannvirkjanefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um leikvelli og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Mannvirkjanefnd skal skipuð a.m.k. 5 mönnum, sem stjórn KSÍ tilnefnir. Formaður nefndarinnar skal sitja í stjórn KSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

2.gr. Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Starfsmaður nefndarinnar annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hann sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra KSÍ. Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og það sent til starfsmanns hennar á skrifstofu KSÍ sem tekur það til afgreiðslu.

3.gr. Mannvirkjanefnd er stjórn KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar um knattspyrnumannvirki. Nefndin annast flokkun knattspyrnuvalla og gerir tillögur til stjórnar KSÍ um veitingu keppnisleyfa fyrir leikvelli.

4.gr. Helstu verkefni mannvirkjanefndar eru eftirfarandi:

Að vera til ráðuneytis um undirbúning framkvæmda við knattspyrnumannvirki.

Að vinna að sérstökum málum er stjórn KSÍ beinir til nefndarinnar og tengjast mannvirkjum til knattspyrnuviðkunar.

Að halda skrá yfir knattspyrnumannvirki á landinu og flokka þau með tilliti til öryggis og gæða.

Að móta kröfur, sem sambandið mun gera til knattspyrnumannvirkja, í samráði við aðrar nefndir sambandsins.

Að efla þekkingu á sviði skipulags, rannsókna, framkvæmda og reksturs tengdum knattspyrnumannvirkjum t.d. með námskeiðahaldi og útgáfu leiðbeiningarita.

Að hafa samstarf við þá aðila, sem hafa með íþróttamannvirki að gera eða tengjast þeim t.d. ÍSÍ, önnur sérsambönd, sveitarfélög, rannsóknar- og kennslustofnanir og viðkomandi ráðuneyti.

Að hafa samstarf við sams konar nefndir erlendra knattspyrnusambanda og aðra þá aðila erlenda, sem hafa með knattspyrnumannvirki að gera.

5.gr. Mannvirkjanefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn KSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

6.gr. Stjórn KSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

7.gr. Starfsreglur þessar taka þegar gildi og falla þar með úr gildi eldri starfsreglur mannvirkjanefndar KSÍ.

Samþykkt af stjórn KSÍ 7. apríl 2016